

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

51. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2018, fimmtudaginn 8. mars. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Salvar Baldursson, varamaður Halldóru Pétursdóttur, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Salvar Baldursson bókar eftirfarandi: Dagskrá og fundargögn bárust eftir að tímafrestur var liðinn, samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Það er ótækt og verður að laga.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Neyðaraðstoð, sjúkrasel og fyrsta hjálp í Súðavíkurhreppi.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta.
4. Styrktarsjóður EBÍ.
5. Aðalfundarboð Lánasjóðs ísl. sveitarfélaga.
6. Fundargerð sambands ísl sveitarfélaga nr. 857 frá 23. feb.
7. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða nr. 116 frá 26. feb.
8. Samvinna tveggja sveitarfélaga við Djúp – minnisblað sveitarstjóra lagt fram.
9. Fundargerð Hafnarsambandsins nr. 401 frá 26. feb.

-
1. Kristín B. Albertsdóttir, forstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, kom til fundarins. Rædd voru viðbrögð við fyrstu hjálp í sveitarfélaginu, hlutverki sjúkrasels í Súðavík og forgangsskilgeiningu sjúkraflutninga. Kristín upplýsti að unnið væri að svörum fyrirspurnar sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið upplýsti Kristínu að ráðgert væri að halda áherslu og þemamánuð í björgunarmálum og fyrstuhjálpi. Sveitarfélagið óskar eftir þátttöku Fjórðungssjúkrahússins í því áhersluverkefni. Kristín tók vel í þá umleitan.

2. Lagt fram. Minnisblað sveitarstjóra er aðgengilegt á sudavik.is.
3. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur fram eftirfarandi sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta sveitarfélagsins fyrir fiskveiðiárið 2017/2018:

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) *a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.*
- b) *b-liður 1. gr. breytist þannig: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2017.*
- c) *1. málsl. c-liðar 1. gr. breytist þannig: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2017.*
- d) *Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt á skip með leyfi til sæbjúgnaveiða og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi. 60% byggðakvótans í Súðavík skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðiárið 2016/2017 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*
- e) *Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.*

Samþykkt samhljóða.

Með þessari skiptingu vill sveitarstjórn leitast við að stuðla að fjölgun fyrirtækja í fiskvinnslu og ársverka í sveitarfélaginu með samþykktum sérreglum.

Sveitarstjóra falið að skila inn samþykktum sérreglum til ráðuneytis, með rökstuðningi byggðan á umræðum fundarins.

- Lagt fram. Sveitarstjóra falið að kynna málið í nefndum sveitarfélagsins og leita eftir hentugum verkefnum til að sækja um styrk fyrir.
- Lagt fram. Sveitarstjóri mun sækja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
- Lagt fram.
- Lagt fram.
- Sveitarstjóri kynnir fund með fulltrúum Bolungarvíkurkaupstaðar, þar sem möguleg samvinna sveitarfélaganna var til umræðu. Minnisblað sveitarstjóra lagt fram sem trúnaðargagn. Sveitarstjórn skipar þriggja manna nefnd til að vinna málið áfram, ásamt fulltrúum Bolungarvíkurkaupstaðar. Fulltrúarnir eru Pétur Markan, Steinn Ingi Kjartansson og Salvar Baldursson
- Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:55

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Salvar Baldursson

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

